

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hluta-tryggingasjóðs bátaútvegsins.

10

17. jan.

### 1. gr.

26. og 34. liður í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík, 1. apríl til 15. desember.

34. svæði: Fáskrúðsfjörður, 1. febrúar til 31. maí, 1. júní til 30. nóvember.

### 2. gr.

Aftan við o-lið 3. gr. komi nýr liður, svo hljóðandi:

10. svæði: Hornafjörður, 1. marz til 11. maí.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutaþryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnumálaráðuneytið, 17. janúar 1955.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

## ARÐSKRÁ

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Laugdælinga.

11

18. jan.

Arður og gjöld skiptast milli eftirtaldra jarða sem hér segir:

Hagakot .....	12 ½ eining
Strandsel .....	12 ½ —
Blámýri .....	12 ½ —
Hrafnabjörg .....	12 ½ —
Birnustaðir .....	12 ½ —
Laugarból .....	12 ½ —
Eiríksstaðir .....	12 ½ —
Efstidalur .....	12 ½ —

Alls 100 einingar

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 18. janúar 1955.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*